

INTEPOL undir því. Þá er sverð lóðrétt að baki líkaninu og sjást hjöltu þess og efsti og neðsti hluti blaðsins. Tvær vogarskálar eru fyrir neðan hnattlíkanið.



3. gr.

Önnur lögreglumerki, sem gerð eru sérstaklega vegna rannsóknarlögreglustarfa eða annarra lögreglustarfa, skulu jafnframt vera merki lögreglunnar.

4. gr.

Óheimilt er án samþykkis dómsmálaráðuneytisins að nota lögreglumerki eða hluta þeirra.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, sem sett er með heimild í 11. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn, geta varðað refsingu samkvæmt hegningarlögum eða öðrum lögum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. maí 1980.

Friðjón Þórðarson.

Baldur Möller.

REGLUGERÐ

um veiðitakmarkanir 1. maí—15. ágúst 1980.

1. gr.

Skuttogurum með aflvél 900 hestöfl og stærri og togskipum, sem eru 39 metrar og lengri, eru bannaðar veiðar með eftirgreindum hætti:

1. Á tímabilinu 1. maí—30. júní 1980, eru skipum bannaðar þorskveiðar í 30 daga.
2. Á tímabilinu 1. júlí—15. ágúst 1980 eru skipum bannaðar þorskveiðar í 36 daga.
3. Á tímabilinu frá og með 20. júlí til og með 4. ágúst, eru skipum bannaðar allar veiðar samfelld í 5 daga.

2. gr.

Útgerðaraðilar ráða tilhögun veiðitakmörkunar samkvæmt 1. gr., en þó skal hvert skip láta af þorskveiðum eigi skemur en í 4 daga í senn.

Tilhögun veiðitakmarkana samkvæmt 1. gr., skal tilkynnt sjávarútvegsráðuneytinu áður en þær hefjast hverju sinni. Verði slíkar áætlanir ekki látnar í té, getur ráðuneytið ákveðið, hvenær viðkomandi skip skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytisins, ef þeir vilja breyta þeim.

3. gr.

Við ákvörðun á því, hversu lengi skip láta af þorskveiðum hverju sinni samkvæmt 1.—2. gr. gilda eftirfarandi reglur:

1. Upphaf tímabils miðast við þann tíma, er skip kemur í höfn til löndunar afla úr síðustu veiðiferð fyrir tímabilið.
2. Lok tímabils miðast við þann tíma, er skipið heldur til þorskveiða á ný.
3. Sigli skip með aflu til löndunar erlendis og reynist þorskur yfir 15% af heildaraflanum, telst sá tími er fer í siglingar með aflu út og til heimahafnar aftur ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

4. gr.

Á tímabilinu frá og með 26. júlí 1980 til og með 4. ágúst 1980 eru skipum, öðrum en þeim, sem upp eru talin í 1. gr., bannaðar allar þorskveiðar.

5. gr.

Á tímabilinu frá og með 16. júlí 1980 til og með 15. ágúst 1980, eru allar þorskveiðar í þorskfisknet bannaðar.

6. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 1. gr. 1. tl., og 4.—5. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%.

Þegar fiskiskip lætur af þorskveiðum samkvæmt 1. gr. 2. tl., má hlutur þorsks vera allt að 25%, af heildarafla einstakrar veiðiferðar, enda fari hlutur landaðs þorsks á þessu tímabili aldrei yfir 15% af heildarafla þeim, sem skipið aflar í veiðiferðum, er tilkynntar hafa verið ráðuneytinu sem þorskveiðibann sbr. 2. gr.

Fari þorskafli yfir 15% af heildaraflanum sbr. 1. og 2. mgr. verður það, sem umfram 15% er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

7. gr.

Komi fiskiskip með aflu að landi á tímabili, sem þorskveiðar eru því bannaðar samkvæmt 1. gr. og 4.—5. gr. og hlutfall þorsks í aflu reynist hærra en 15% skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan aflu að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 6. gr. nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils, samkvæmt 1. gr. og 4.—5. gr., hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

8. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. maí 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 263.

8. maí 1980.

REGLUGERÐ

fyrir svæðisstjórnir um málefni þroskaheftra og öryrkja.

I. KAFLI

Stofnun og skipan svæðisstjórna.

1. gr.

Á hverju starfssvæði samkvæmt 4. gr. laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta skal starfa svæðisstjórn.

2. gr.

Í svæðisstjórn eiga sæti: fræðslustjóri, héraðslæknir og þrír menn skipaðir af félagsmálaráðherra, tveir þeirra samkvæmt tilnefningu samtaka sveitarfélaga og einn samkvæmt tilnefningu foreldrasamtaka þroskaheftra og öryrkja á svæðinu.

Skipunartími svæðisstjórna er fjögur ár.

II. KAFLI

Hlutverk svæðisstjórna.

3. gr.

Svæðisstjórn hefur það hlutverk að gera tillögur um þjónustu fyrir þroskahefta og öryrkja á hverju svæði og samræma aðgerðir opinberra aðila, svo sem fræðslufyrivalda, heilbrigðisfyrivalda og hlutaðeigandi sveitarfélaga svo og annarra aðila sem vinna að málefnum þroskaheftra og öryrkja.

4. gr.

Svæðisstjórn gerir áætlanir um framkvæmd og forgang verkefna á sviði þjónustu fyrir þroskahefta á svæðinu.

Svæðisstjórn gerir árlegar tillögur um fjárhags- og framkvæmdaáætlanir til notkunar við undirbúning fjárlagafrumvarps og skal senda þær til viðkomandi ráðuneytis fyrir 1. apríl ár hvert.

Svæðisstjórn skal gera áætlanir til lengri tíma um skipan þessara mála og nauðsynlegar framkvæmdir á svæðinu og endurskoðar slíkar áætlanir árlega og sendir hlutaðeigandi ráðuneyti og stjórnarnefnd.